

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitum í Hrunamannahreppi.

## 1. gr.

*Gjaldskylda.*

Hrunamannahreppur innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald, gjald fyrir hreinsun rotþróa og meðhöndlun seyru í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010.

## 2. gr.

*Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug ≤ 150 mm	kr. 229.548
Heimtaug 151 - 200 mm	kr. 245.058
Heimtaug 201 til 250 mm	kr. 259.534

Gjöld vegna heimtauga > 250 mm eru reiknuð út sérstaklega.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra.

## 3. gr.

*Fráveitugjald.*

Af þeim fasteignum í Hrunamannahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarástofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,25% af fasteignamati viðkomandi fasteignar þó að hámarki kr. 52.000 fyrir hverja íbúð og kr. 194.000 vegna atvinnuhúsnæðis.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

## 4. gr.

*Rotþróargjald.*

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 18. gr. samþykkta um fráveitum og meðhöndlun seyru í Hrunamannahreppi.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró	kr. 7.800
--------	-----------

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.000.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal greiða sérstaklega skv. gjaldskrá losunaraðila.

## 5. gr.

*Gjalddagar.*

- a) *Stofngjald fráveitu:* Gjalddagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga.  
Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.
- b) *Fráveitu- og rotþróargjald:* Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákvæður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Nr. 1129

7. desember 2015

6. gr.

*Innheimta.*

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í veitustjórn Hrunamannahrepps 26. október 2015 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps 5. nóvember 2015 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 7. desember 2015, er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 1071/2014.

*Hrunamannahreppi, 7. desember 2015.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2015